

V. KAFLI

Lokaákvæði.

24. gr.

Úrskurðir þeir sem kveðnir eru upp samkvæmt lögum þessum sæta kæru til Hæstaréttar samkvæmt almennum reglum laga um meðferð opinberra mála.

25. gr.

Heimilt er að gera samninga við önnur ríki um skyldu til framsals og um aðra aðstoð vegna sakamála með ákveðnum skilyrðum sem þó mega ekki ganga gegn ákvæðum laga þessara.

Án tillits til laga þessara getur framsal átt sér stað og beiðnir um aðstoð í sakamálum framkvæmdar í þeim mæli sem Íslands hefur skyldu til samkvæmt samningum gerðum fyrir gildistöku laga þessara við önnur ríki.

Framsals og önnur aðstoð í sakamálum er heimil samkvæmt lögum þessum þótt ekki sé það skylt samkvæmt samningi sem Ísland hefur gert þar að lútandi við viðkomandi ríki.

26. gr.

Ákvæðin í I. og II. kafla um framsal og þau ákvæði í III. kafla sem fjalla um framsal gilda ekki gagnvart Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð.

27. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1984. Við gildistöku laga þessara fellur úr gildi 9. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Gjört í Reykjavík, 17. apríl 1984.

Steingrímur Hermannsson.

Helgi Seljan.

Magnús Þ. Torfason.

(L. S.)

Jón Helgason.

LÖG

um framkvæmd alþjóðasamninga um varnir gegn mengun frá skipum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru.

1. gr.

Ráðherra þeim, sem fer með siglingamál, er heimilt að setja reglur til að framfylgja alþjóðasamningum um mengun frá skipum sem Ísland er aðili að.

2. gr.

Brot gegn reglum, sem settar verða samkvæmt þessum lögum, varða sektum.

Auk þess má láta brot varða fangelsi allt að 6 mánuðum þegar sakir eru miklar eða þegar um ítrekað brot er að ræða.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. apríl 1984.

Steingrímur Hermannsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Magnús Þ. Torfason.

(L.S.)

Halldór Ásgrímsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 73 26. nóvember 1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu.

1. gr.

Aftan við 4. mgr. 23. gr. laganna bætist:

Hafi eftirlaun eða launatekjur skert tekjutryggingu almannatrygginga hjá elli- eða örorkulífeyrisþega skal enn fremur draga frá útsvarsskyldum tekjum viðbótarfjárhæð sem svarar til þeirrar skerðingar.

2. gr.

26. gr. breytist sem hér segir:

Í stað „35 000 kr.“ í 1. mgr. komi: 1 800 kr.

Í stað „7 000 kr.“ í 1. og 2. málslíð 2. mgr. komi: 360 kr.

Í stað „10 000 kr.“ í 7. mgr. komi: 520 kr.

8. mgr. orðist svo:

Ofangreindar fjárhæðir skulu breytast í samræmi við skattvísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 121. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Síðasta mgr. orðist svo:

Útsvar skal lagt á í heilum tug króna, þannig að lægri fjárhæð en 10 kr. skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu útsvara á árinu 1984 vegna tekna á árinu 1983.

Gjört í Reykjavík, 27. apríl 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Alexander Stefánsson.